

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 30,30 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 243,05 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 77,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979, með síðari breytingum.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,37 fyrir hverja kíló-wattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 3,26 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 17,47.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 327,18.

Orkubúi Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og heitir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúid.

Hæsta stilling hemils gildir í eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

5. gr. orðist þannig:

Heimædagjöld fyrir hitaveitur Orkubús Vestfjarða skulu vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:
Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis ... kr. 13 038,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 10,58
- b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni innan 6 mánaða frá því að af tengingu getur orðið:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmm húsnæðis kr. 18 081,00

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 15,62

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemnum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m³.

7. gr. orðist þannig:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 248,46.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr. 1. mgr. orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1015 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. maí 1976 til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 223/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.